

Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2023-2040

VINNSLUTILLAGA

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti á fundi sínum 5. júní 2025 og utanríkisráðuneytið hefur samþykkt að auglýsa vinnslutillögu vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar, skv. 2. mgr. 30. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulag fyrir Keflavíkurflugvöll er stefnumótun um framtíðarnotkun þess landsvæðis sem heyrir undir flugvöllinn og öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli. Aðalskipulagið er samvinnuverkefni Isavia, Landhelgisgæslu Íslands, varnarmálasviðs í umboði utanríkisráðherra fyrir öryggissvæðið og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.

Megintilgangur endurskoðunar fyrir flugvallarsvæðið er að festa í sessi þá stefnu sem fram kemur í Próunaráætlun Isavia til 2045. Í þeirri áætlun hafa framtíðarmöguleikar flugvallarins verið kortlagðir og þannig skapar hún forsendur fyrir langtímahugsun og leggur fram áfangaskiptingu til að byggja upp flugvallarsvæðið til ársins 2045. Endurskoðuninni er ætlað að tryggja að unnt verði að sinna varnarskuldbindingum Íslands sem best. Tekur það m.a. til flugbrautarkerfis, byggingarheimilda, innviða og nauðsynlegs svigrúms fyrir þá starfsemi sem felast í þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands.

Nýtt aðalskipulag mun leysa af hólmi gildandi aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030. Margir þættir í því skipulagi verða áfram til grundvallar í skipulagi flugvallarins og öryggissvæðisins. Helstu áherslur þættir við endurskoðun aðalskipulagsins má finna í greinargerð vinnslutillögu. Umhverfismatsskýrsla fylgir vinnslutillögunni í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Vinnslutillagan er aðgengileg á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 25. júní 2025 til og með 20. ágúst 2025. Mál nr. 567/2023

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér vinnslutillöguna og koma með sínar athugasemdir eigi síðar en 20. ágúst 2025 í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

